

Ed.

304. Nefndarálit

[198. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði um fúmvarpið á fimm fundum ásamt frv. um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, og frv. um vörugjald, en öll þessi frumvörp eru veigamikill þáttur í þeirri nýsköpun fjáröflunarkerfis ríkissjóðs sem nú stendur yfir. Af hagkvæmnisástæðum og vegna þess hversu samvinnuð frumvörpin eru var rætt um þau jöfnum höndum, eitt eða öll í senn, af þeim sem fyrir nefndina komu en það voru: Ásmundur Stefánsson frá ASÍ, Kristján Thorlacius og Björn Arnórsson frá BSRB, Páll Bragason, Júlíus S. Ólafsson, Kristinn Björnsson, Árni Reynisson og Vilhjálmur Egilsson frá Samstarfsráði verslunarinnar, Víglundur Þorsteinsson og Ólafur Davíðsson frá Félagi ísl. iðnrekenda, Gunnar Hall og Magnús Pétursson vegna svonefndrar hallanefndar, Þorleifur Jónsson vegna Landssambands iðnaðarmanna ásamt Haraldi Eiríkssyni vegna Félags bakarameistara, Aðalsteinn

Guðjohnsen, Kristján Jónsson, Eiríkur Þorbjörnsson, Örn Marinósson, Þorbergur Halldórsson og Haukur Pálmason frá Sambandi ísl. rafveitna, Jón Gíslason frá Manneldisfélagi Íslands, Kristmann Magnússon vegna raftækjasala, Kjartan Ólafsson og Hannes Kristmundsson frá Sambandi garðyrkjubænda, Georg Ólafsson verðlagsstjóri, Guðmundur Karl Sveinsson, Arnór Valgeirsson, Jóhann Friðbjólfsson og Sigurður Gíls Björgvinsson frá SÍS, Haukur Halldórsson, Þórarinn Þorvaldsson, Hákon Sigurgrímsson og Gunnlaugur Júlíusson frá Stéttarsambandi bænda, Kristinn Ólafsson frá Tollgæslunni, Sigurgeir Á. Jónsson frá tollstjóranum í Reykjavík, Páll Bragason, Stefán Guðjónsson og Yngvi Yngvason frá Félagi ísl. stórkaupmanna vegna útvarps- og rafmagnstækja sérstaklega, Þórður Friðjónsson Þjóðhagsstofnun, Hallgrímur Tómas Ragnarsson vegna söluskatts á heilsuræktarstarfsemi, Pétur Stefánsson og Sigurbjörn Guðmundsson frá Félagi ráðgjafarverkfræðinga.

Með nefndinni hafa starfað Guðrún Ásta Sigurðardóttir, Bolli Bollason og Lárus Ögmundsson frá fjármálaráðuneytinu sem öll hafa gefið nefndinni mikilsverðar upplýsingar.

Enn fremur bárust nokkrar skriflegar upplýsingar, m.a. frá fjármálaráðuneytinu og Þjóðhagsstofnun.

Meiri hl. mælir með samþykkt frumvarpsins með nokkrum breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Breytingartillögurnar eru í meginatriðum þessar:

Í fyrsta lagi er gengið enn lengra í þá átt að lækka eða fella alveg niður tolla af tilteknum vörum sem kalla mætti „ferðamannavörur“. Þetta eru vörur sem Íslendingar kaupa gjarnan á ferðalögum erlendis frekar en hér heima. Af einstökum vöruflokkum má nefna sjónauka, rakvélar, hárfurrrukur, ryksugur, hljóðnema o.fl. Jafnframt er horfið frá álagningu vörugjalds á þessa flokka.

Með þessari breytingu er stuðlað að því að verslunin færir í auknum mæli inn í landið. Þannig kæmu auknar söluskattstekjur á móti hugsanlegu tolltekjutapi ríkissjóðs. Það skal áréttað að með þessari breytingu er aðeins stigið fyrsta skrefið í þessa átt en meiri hl. telur ekki ráðlegt að ganga lengra að sinni.

Í öðru lagi eru felldir niður tollar af nokkrum vörum sem flokkast undir öryggisbúnað ökutækja. Hér má nefna öryggishjálma, keðjur, ljósabúnað o.fl. Áður höfðu tollar almennt verið felldir niður af flestum þessara vöruflokka, en með þessu er leitast við að ljúka því verki.

Í þriðja lagi er tollur á innfluttum álpönnum og þess háttar ekki felldur niður heldur ákveðinn 30% til þess að gefa innlendum framleiðendum færi á að laga sig að breyttum samkeppnisáðstæðum.

Í fjórða lagi er gerð tillaga um að flýta gildistöku lokaáfangna tollasamnings við Portúgal og Spán um tvö ár þannig að hann komi til framkvæmda um næstu áramót. Í reynd er þetta léttvæg breyting þar sem langflestar vörur frá þessum löndum eru þegar tollfrjálsar. Hins vegar mundi þetta hafa í för með sér einföldun á tollkerfinu þar sem ella þyrfti að hafa sérstakan tolltaxta vegna þessara samninga.

Í fimmta lagi eru gerðar ýmsar minni háttar lagfæringar á einstökum atriðum. Hér er fyrst og fremst um að ræða leiðréttingar á villum sem slæðst hafa inn í frumvarpið. Þó er rétt að nefna eina breytingu sérstaklega, en það er tillaga um ótvíræða heimild ráðherra til að setja sérstakar reglur um mat á notuðum ökutækjum sem flutt eru til landsins. Hér hefur tollstjóra skort ótvíræða heimild til þess að óska eftir að ökutæki verði metin en nokkur misbrestur er á að innflytjendur komi fullnægjandi upplýsingum á framfæri við tollyfirvöld.

Alþingi, 16. des. 1987.

Halldór Blöndal,
form., frsm.

Ey. Kon. Jónsson,
fundaskr.

Eiður Guðnason.

Jóhann Einvarðsson.

Valgerður Sverrisdóttir.